

Sp.

552. Tillaga til þingsályktunar

[142. mál]

um samræmingu á verðlagi á benzíni og olíu.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson, Jónas Rafnar, Bernharð Stefánsson,
Stefán Stefánsson, Finnur Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að útsöluverð á benzíni og olíu verði hið sama á öllum þeim stöðum á landinu, þar sem olíuflutningaskip, sem annast flutninga á milli hafna, geta losað benzín og olíu í birgðageyma olíufélaganna.

Greinargerð.

Um nokkurt skeið hefur það verið mikið áhugamál bifreiðaeigenda, bifreiðastjórafélaga, fiskiskipaeigenda, sjómanna og bænda utan Reykjavíkur, að komið verði á jöfnunarútsöluverði á benzíni og olíu. Bifreiðastjóraráðstefna, sem haldin var á vegum Alþýðusambands Íslands í Reykjavík dagana 6.—8. nóv. 1949, tók þetta mál fyrir til sérstakrar athugunar og samþykkti í einu hljóði ályktun um það, að eitt og sama verð verði á benzíni og olíu hvar sem er á landinu. Stjórn Alþýðusambandsins ritaði síðan olíufélögunum bréf, tilkynnti þeim samþykkt þessa og óskaði eftir, að þau kæmu á jöfnunarútsöluverði. Tvö af olíufélögunum svöruðu þessu bréfi og létu bæði í ljós, að þau væru reiðubúin til viðræðna um þetta efni, og tóku það um leið fram, að útsöluverð á benzíni og olíu sé ákveðið af verðlagsyfirvöldum, og ef jöfnunarútsöluverði yrði komið á, þyrfti breytingar á núverandi verðgrundvelli og væri hæpið að gera það nema fyrir atbeina Alþingis.

Núverandi Alþingi hefur ákveðið að koma á jöfnunarverði á tóbaki um allt land. Það sýnist ekki síður sanngjarnt að ákveða jöfnunarverð á benzíni og olíu. Má og benda á það, að benzínlítrinn er nú 7 aurum hærri á Akureyri en í Reykjavík. Þegar þess er einnig gætt, að vetrarríki er að jafnaði miklu meira þar og víða annars staðar um land en í Reykjavík og nágrenni hennar, þar sem snjór sezt að víða um land í október og leysir ekki fyrr en í apríl eða maí, verður rekstur bifreiða af þeirri ástæðu miklu kostnaðarfrekari, og er þá að bæta gráu ofan á svart, ef benzín til bifreiðaaksturs þarf að kaupa miklu hærra verði á þeim stöðum. Þá er og rétt að taka það fram, að meginþorri af öllu því benzíni, sem til landsins er flutt, er selt í Reykjavík, og hefur lauslega verið athugað, að til þess að ná jöfnunarverði um land allt, þyrfti benzínlítrinn í Reykjavík aðeins að hækka um rúman eyri, ef ekki þætti fært að takmarka meira álagningu olíufélaganna. Um verð á olíu til skipa má benda á, að aðstaðan til útgerðar er víðast hvar mun erfiðari úti um land. Þykir það því ekki óeðlilegt, að komið verði á jöfnunarverði á olíu.

Flutningsmenn þessarar tillögu hafa á þessu stigi málsins ekki viljað ganga lengra en það að koma á jöfnunarverði á benzíni og olíu á þeim stöðum, þar sem olíuflutningaskip geta losað í geyma olíufélaganna.

Samþykkt bifreiðastjóraráðstefnu Alþýðusambandsins og afrit af svarbréfum tveggja olíufélaga til Alþýðusambandsins um þetta efni eru prentuð hér á eftir sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

Á bilstjóraráðstefnu A. S. Í., er haldin var dagana 6.—8. nóv. 1949, var eftirfarandi ályktun gerð:

Ráðstefnan lítur svo á, að nauðsynlegt sé, að eitt og sama verð sé á benzíni og olíum hvar sem er á landinu, og beinir því til sambandsstjórnar, að hún beiti áhrifum sínum við viðkomandi aðila til hins ýtrasta, að svo megi verða.

Fylgiskjal II.

OLÍUFÉLAGIÐ H.F.

Reykjavík, 15. des. 1949.

Alþýðusamband Íslands, Hverfisgötu 8—10, Reykjavík.

Út af bréfi yðar, dags. 13. þ. m., viljum vér hér með tjá yður, að vér erum fúsir til viðræðna við yður um samræmingu á verði á olíu og benzíni, en vér teljum rétt, að öll olíufélögin taki þátt í slíkum viðræðum við yður.

Annars verður, eftir því sem vér bezt vitum, horið fram frumvarp til laga á Alþingi um þetta mál, og getur því vel hugsast, að þetta mál leysist fyrir aðgerðir Alþingis, enda vart hugsanlegt að leysa þetta mál nema fyrir aðgerðir þess.

Virðingarfyllst,
pr. pr. Olíufélagið h.f.
Sig. Jónasson.

Fylgiskjal III.

HLUTAFÉLAGIÐ „SHELL“ Á ÍSLANDI

Reykjavík, 9. janúar 1950.

Alþýðusamband Íslands, Reykjavík.

Vér visum til bréfs yðar, dags. 13. desember s. l., og viljum í því sambandi taka fram eftirfarandi:

Svo sem yður er kunnugt, þá ráða verðlagsyfirvöldin algerlega verðlagi á benzíni og olíum í landinu, og er það því á þeirra valdi að gera breytingar á núverandi verðgrundvelli. Vér viljum hins vegar taka það fram, að vér erum reiðubúnir að taka upp viðræður við yður um þetta mál, og að því er olíufélagunum við kemur, þá álitum vér, að heppilegast væri, að slíkar viðræður færu fram sameiginlega með þeim og öðrum aðilum, sem hér eiga hlut að máli.

Virðingarfyllst,
f. h. h.f. „Shell“ á Íslandi.